



27. ágúst 2015

Niðurstöður athugunar á virðismati útlána Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á virðismati útlána hjá Íslandsbanka hf. í apríl 2014 og miðaði hún við stöðu bankans þann 31. desember 2013. Markmið hennar var að kanna áreiðanleika virðismats á lánnum til stærstu lánþega bankans með því að skoða virðismatsferli hans og aðferðir til að fylgja því eftir.

Við framkvæmd athugunarinnar lagði Fjármálaeftirlitið mat á innri reglur og verkferla Íslandsbanka hf. auk þess að taka úrtak úr lánasafni bankans og skoða ítarlega hvernig einstök lán voru metin af bankanum og hvort matið væri í samræmi við reglur bankans. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í apríl 2015 og telur Fjármálaeftirlitið að framkvæmd virðismats útlána hjá Íslandsbanka hf. sé almennt viðunandi miðað við úrtakið í athuginni.

Athugasemdir Fjármálaeftirlitsins voru eftirfandi:

Að bankinn hafi ekki tekið tillit til óveðtryggðra krafna bankans við mat á virðisrýrnun lána hjá aðila í úrtakinu. Fjármálaeftirlitið fer fram á að bankinn meti ávallt væntar endurheimtur út frá veðstöðu sinni þegar virðismat er byggt á virði veðandlaga.

Að lán hjá aðila í úrtakinu sem flokkuð hafi verið í skilum hafi að mati Fjármálaeftirlitsins átt að vera flokkuð í vanskilum samkvæmt skilgreiningum í lánasafnsskýrslu eftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið benti ennfremur á að bæta þurfi verklag við skráningu og virðismat veðandlaga hjá bankanum til að auka skilvirkni og gagnsæi í virðismati útlána.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Íslandsbanki hf. gerði viðeigandi úrbætur í kjölfar athugunarinnar. Óskað var eftir því að bankinn fæli innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur og skila skýrslu til Fjármálaeftirlitsins í síðasta lagi 16. október 2015.